

Viðræðunefnd um mögulega sameiningu sveitarfélaga

6. fundur í viðræðunefnd um mögulega sameiningu Langanesbyggðar og Svalbarðshrepps haldinn að Langanesvegi 2 miðvikudaginn 10. nóvember 2021 kl. 12.00

Mætt voru: Frá Langanesbyggð Miriam Blekkenhorst formaður, Þorsteinn Ægir Egilsson, Siggeir Stefánsson sveitarstjórnarmaður.

Frá Svalbarðshreppi: Sigurður Þór Guðmundsson varaformaður, Ragnar Skúlason hreppsnefndarmaður og Einar Guðmundur Þorláksson hreppsnefndarmaður.

Róbert Ragnarsson RR ráðgjöf var í fjarfundarsambandi.

Jónas Egilsson sveitarstjóri Langanesbyggðar og Björn S. Lárusson skrifstofustjóri sem ritaði fundargerð.

Dagskrá

1. Tillaga um jarðir í eigu sveitarfélaganna

Til umræðu er ákvörðun um form félags eða sjóðs sem yrði í eigu nýs sveitarfélags, ef af sameiningu verður, um jarðir þess. Eins er til umræðu tillaga um að hefja formlegar viðræður sveitarfélagana um mögulega sameiningu.

Fundargerð

1. Drög að samþykktum fyrir „uppbyggingarsjóð“ byggðar og atvinnutækifæra

Tillaga að bókun: Viðræðunefnd um mögulega sameiningu Langanesbyggðar og Svalbarðshrepps samþykkir að mæla með því við sveitarstjórnir sveitarfélaganna að stofnaður verði sjóður, skv. framlögðum drögum að samþykktum á fundinum, um eigu og ráðstöfun jarða sem yrðu eign sameinaðs sveitarfélags, Langanesbyggðar og Svalbarðshrepps.

Nefndin felur sveitarstjóra og RR ráðgjöf að útfæra drögin í samræmi við umræður fundarins. Viðræðunefnd um mögulega sameiningu Langanesbyggðar og Svalbarðshrepps samþykkir að mæla með því við sveitarstjórnir

2. Tillaga um formlegar viðræður Langanesbyggðar og Svalbarðshrepps um sameiningu sveitarfélaganna

Tillaga að bókun: Viðræðunefnd um mögulega sameiningu Langanesbyggðar og Svalbarðshrepps, samþykkir að mæla með því við sveitarstjórnir sveitarfélaganna, að gengið verði til viðræðna um mögulega sameiningu sveitarfélaganna á grundvelli 119. gr. sveitarstjórnarlaga. Sveitarstjórnirnar skulu kjósa sér 3 fulltrúa hvor í viðræðunefnd á næsta fundi þeirra. Jafnframt er samþykkt að sveitarstjóri og skrifstofustjóri Langanesbyggðar starfi fyrir nefndina.

3. Tillaga um mótun framtíðarsýnar sameinaðs sveitarfélags

Tillaga að bókun: Viðræðunefnd um mögulega sameiningu Langanesbyggðar og Svalbarðshrepps samþykkir að samhliða vinnu við undirbúning mögulegrar sameiningu Langanesbyggðar og Svalbarðshrepps, verði unnin tillaga að framtíðarsýn fyrir nýtt sveitarfélag (samfélagssáttmála). Þessi sýn eða tillögur verði kynntar á íbúafundum áður en kosið verður um sameiningu sveitarfélaganna.

Greinargerð:

Ávinningur íbúa með nýju og sameinuðu sveitarfélagi þarf að vera meiri en mögulega nýtt nafn og kennitala. Lagt er til að dregin verði upp framtíðarsýn nýs sveitarfélags. Í henni verði settar fram tillögur um uppbyggingu og þróun mannvirkja og þjónustu við íbúa með það að markmiði að efla byggð á svæðinu, bæði í dreifbýli og þéttbýli. Þar verði tekið til þátta eins og greiningu á sóknarfærum í nýsköpun atvinnulífs á svæðinu, umhverfismála, uppbyggingu innviða og þjónustu íbúa í bæði dreif- og þéttbýli o.fl.

Möguleikar eru á styrk frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga við þessa áætlunar- og tillögugerð.

Tillögurnar bornar upp saman

Samþykkt samhljóða

Fundi slitið kl. 13:35.